

Skipulag

Fundarboðandi: Sigurborg Daðadóttir

Fundarstaður: Teams

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir

Dagsetning: 16. október 2023

Fundarritari: Þórður Heimir Sveinsson

Fundartími: 10:00-11:30

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttur, Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar, Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnun) Berglind Helga Bergsdóttir (sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun) og Gísli Jónsson (sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)

Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um innflutning á brunnbátum Ronja Strand til lúsameðhöndlunar í sjókvíældi.

Umræða

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um leyfi til innflutnings á brunnbátum Ronja Strand til lúsameðhöndlunar.
 - Umsókn um leyfi til innflutnings brunnbáts frá Noregi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi fyrir eldissvæði í Arnarfirði og Tálknafirði. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir nefndin með að leyfður verði innflutningur á bátum samkvæmt umsókn. Skilyrði er að báturinn verði þrífinn og ítarlega sótthreinsaður bæði í Noregi og á Íslandi með vottun óháðs dýralæknis um að hann hafi verið nægilega þrífinn. Jafnframt að innflutningur á samskonar bátum verði takmarkaður en að fyrirtækin komi sér upp eigin bátum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:30